

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

# FRÉTTIR

NÓVEMBER 2020



Lærdómsrit Bókmenntafélagsins hafa komið út frá árinu 1970. Á þessum 50 árum hafa birst í bókaflokknum öndvegisrit á sviði margvíslegra fræða sem markað hafa djúp spor í sögu mannsandans. Langflest eru ritin þýdd úr erlendum málum og er hverju þeirra fylgt úr hlaði með ítarlegum inngangi og skýringum. Áhersla er lögð á að gefa út fræðirit sem eru auðlesin upplýstum almenningi, jafnt samtímarit sem sígild verk, einkum rit, sem eru talin eiga erindi í samfélagsumræðu á hverjum tíma.

Nú koma út tvö ný Lærdómsrit, *Dýralíf* eftir J.M. Coetzee og *Minnisblöð Maltes Laurids Brigge* eftir Rainer Maria Rilke sem er það hundraðasta í ritröðinni.



## GUÐJÓN SAMÚELSSON HÚSAMEISTARI

Pétur H. Ármannsson

448 bls.

Verð: 12.900,-

Félagsverð: 9.675,-

Guðjón Samúelsson var fyrstur Íslendinga á 20. öld til að ljúka háskólaprófi í byggingarlist. Hann var skipaður í stöðu húsameistara ríkisins í apríl 1920 og gegndi því embætti í þrjátíu ár, allt til dauðadags árið 1950. Á þessu tímabili hannaði hann ásamt samstarfsmönnum sínum flestar opinberar byggingar hins fullvalda ríkis og gaf helstu stofnunum þess sýnilegt og áþreifanlegt form. Guðjón kom einnig að skipulagsmálum, gerði skipulagsuppdrætti að ýmsum helstu bæjum landsins og var ráðunautur stjórnvalda um skipulagsmál. Hann sá borgir og bæi fyrir sér sem heilstept listaverk sem hefðu heilladrjúg áhrif á heilbrigði íbúanna og velliðan.

Í þessari bók skoðar höfundurinn, Pétur H. Ármannsson, verk og hugmyndir Guðjóns Samúelssonar út frá sérstöðu hans sem háskólamenntaðs arkitekts sem var mótaður af straumum og stefnum í norrænni og evrópskri byggingarlist á fyrstu áratugum 20. aldar. Pétur beinir athygli að því hvernig Guðjón nýtti menntun sína og þekkingu við sérstakar og erfiðar aðstæður sem gáfu honum þó tækifæri til víðtækari áhrifa á manngert umhverfi í landinu en nokkrum öðrum íslenskum arkitekt hefur hlotnast fyrir eða síðar.



## DÝRARÍKIÐ I–II

Örnólfur Thorlacius

912 bls.

Verð: 19.900,-


Félagsverð: 14.925,-

Einstök leiðsögn um undraheim dýranna.

Dýraríkið er í senn yfirgrípsmikið fræðslurit og uppflöttirit um dýrafræði, uppfullt af fróðleik um dýr af öllum stærðum og gerðum, allt frá örsmáum frumdýrum til stærstu spendýra. Í tveimur bindum er fjallað í máli og myndum um lífsstörf og líkamsgerð dýra, flokkun þeirra og helstu eiginleika, og sagt frá hegðun og sérkennum fjölda einstakra tegunda. Farið er víða yfir og fléttað saman fræðilegum texta og forvitnilegum frásögnum.

Örnólfur Thorlacius, líffræðingur og kennari, kom víða við á löngum ferli við skrif og þýðingar. Eftir hann liggur fjöldi kennslubóka og rita almenns eðlis en Dýraríkið er hans metnaðarfullsta ritverk og ber vitni ævilangri ástríðu fyrir hvers kyns fróðleik tengdum dýraríkinu. Örnólfi entist ekki aldur til að fylgja ritinu eftir til útgáfu og sáu Árni Thorlacius, lífefnafræðingur, Lárus Thorlacius, eðlisfræðingur og Magnús Thorlacius, líffræðingur, um að ljúka verkinu en allir þrír eru afkomendur Örnólfs.

Ritið er rikulega myndskreytt og því fylgir ítarleg atriðisorðaskrá.



## HÆSTIRÉTTUR Í HUNDRAD ÁR

Ritgerðir


556 bls.

Verð: 12.500,-

Félagsverð: 9.375,-

Í ár eru 100 ár liðin frá því að Hæstiréttur Íslands tók til starfa. Saga réttarins er samofin sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og þegar Ísland varð frjálst og fullvalda ríki náðist sá mikilvægi árangur sjálfstæðisbaráttunnar að æðsta dómvaldið í málefnum Íslendinga færðist í hendur þeirra sjálfra með stofnun Hæstaréttar árið 1920. Í riti þessu sem hefur að geyma 18 ritgerðir eftir 22 höfundum er fjallað um valda málaflokka og réttarsvið sem hafa verið til umfjöllunar á þeim hundrað árum sem liðin eru frá stofnun réttarins og hann hefur komið að því að móta með einum eða öðrum hætti.

Síðara bindi afmælisritsins er saga réttarins skráð af Arnþóri Gunnarssyni og er væntanlegt í mars 2021.



## STJÓRN MÁL

Birgir Hermannsson

216 bls.

Verð: 4.900,-

Félagsverð: 3.675,-

Í *Stjórn málum* er fjallað með skýrum og greinargóðum hætti um nokkur grundvallarhugtök nútímastjórnmála. Fjallað er um mismunandi skilning á stjórnmálum hvað varðar vald, yfirráð, lögmæti, ríki, fullveldi, þjóðríki, öryggi, velferð, stýringu, þjóð, þjóðernishyggju, hnattvæðingu, fjölmenningu, hlutverki trúarbragða og lýðhyggju. Einnig er fjallað um sjálfstæðisbaráttuna og aðdragandann að stofnun íslenska þjóðríkisins og tengsl þess og samskipti við umheiminn. Þá er vikið að íslenskri þjóðernishyggju og deilum um utanríkismál sem einatt hafa snúist um mismunandi sýn á fullveldi og sjálfstæði.

Markmiðið er að skerpa skilning á hinum pólitíska veruleika með hjálp hugtaka og kenninga stjórnmálafræðinnar.

Bókin er skrifuð með almenna lesendur í huga, ekki síst ungt fólk og nemendur. Fyrir áhugamenn um stjórnmál og þjóðfélagsmæðu er bókin hvalreki.

Sigurður E. Guðmundsson

## Öryggi þjóðar frá vöggju til grafar

Þættir úr sögu velferðar  
1887–1947



## ÖRYGGI ÞJÓÐAR FRÁ VÖGGJU TIL GRAFAR

Þættir úr sögu velferðar  
1887–1947

Sigurður E. Guðmundsson


Verð: 6.990,-

Félagsverð: 5.240,-

Sigurður E. Guðmundsson var fæddur í Reykjavík árið 1932 og ólst því upp fyrstu ár sín á áratug kreppunnar miklu á síðustu öld. Hann kynntist af eigin raun í uppveixinum kjörum fátækrar verkamannafjölskyldu og húsnæðis-skortinum sem alþýðufólk mátti búa við þá og á eftirstríðsárunum. Hann fékk snemma áhuga á stjórnmálum og gekk ungur í Alþýðuflokkinn og var alla tíð síðan sannur og trúr jafnaðarmaður, bæði í anda og verki.

Lengst af starfaði hann í opinberri þjónustu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og leiðarstjarna hans þar var að efnalítið fólk ætti raunhæfan kost á góðu og öruggu húsnæði fyrir sig og sína. Hann lagði ætíð mikla áherslu á gildi menntunar fyrir alla, og eftir starfslok lét hann draum sinn rætast og settist að nýju á skólabekk við Háskóla Íslands.

Það var honum ómetanlegt að fá tækifæri til að stunda þar nám í sagnfræði þótt á eftirlaunaaldri væri, og hann lagði sig allan fram og naut þess til hins ítrasta. Ef kostur var á valdi hann sér gjarnan verkefni í náminu sem sneru að kjörum og aðstæðum alþýðunnar og verkafólks á fyrri tíð, og lokaritgerðir hans við skólann fjalla um slík efni. Bók sú sem hér kemur fyrir sjónir er því endapunktur, og um leið hápunkturinn, á lífi og ævistarfi hugsjónamanns.



## YRKJA VILDI EG JÖRÐ

Íslenskir ræktunarhættir

Bjarni Guðmundsson


396 bls.

Verð: 6.990,-

Félagsverð: 5.240,-

Í bókinni segir frá íslenskum jarðræktarháttum. Fjallað er um vinnubrögð og verkfæri til ræktunar fóðurs fyrir búfé: sum séríslensk en önnur erlend, löguð að hérlandum aðstæðum. Sagt er frá túnasléttun á ýmsum tímum, beðasléttun, engjarækt og áveitum, framræslu og nýræktun túna, kornrækt svo og vörslu og viðhaldi ræktunar.

Á grundvelli heimildarannsóknna og með ljósmyndum og skýringarmyndum er ljósi varpað á mikilvæga þætti jarðræktarsögunnar allt frá elstu heimildum hennar til síðustu aldamóta. Bjarni Guðmundsson var prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands og stýrði einnig uppbyggingu Landbúnaðarsafns Íslands á Hvanneyri. Hann hefur áður skrifað um búnaðarsöguleg efni, m.a. bækurnar Íslenska sláttuhætti og Íslenska heyskaparhætti.



## FRIDRIK ÓLAFSSON

Skráð af Helga Ólafssyni

530 bls.

Verð: 11.900,-

Félagsverð: 8.925,-

Friðrik Ólafsson var aðeins barn að aldri þegar hann fór að venja komur sínar á samkomustaði unnenda skáklistarinnar í Reykjavík. Fáa grunaði að þar færi einn þeirra ungu manna sem ætti eftir að blása hinu nýstofnaða lýðveldi Íslands byr í seglin. Fimmtán vetra sigldi Friðrik með togaranum Agli Skallagrímssyni á fyrsta skákmót sitt erlendis. Hann varð Íslandsmeistari 17 ára og Norðurlandameistari ári síðar. Á þingi FIDE í Dubrovnik í Króatíu árið 1958 var Friðrik sæmdur stórmeistaratitli, fyrstur Íslendinga, og þegar millisvæðamótinu í Portoroz lauk skömmu síðar hafði hann unnið sæti á áskorendamótinu í Júgóslavíu.

Árið 1978 var Friðrik kjörinn forseti Alþjóðaskáksambandsins FIDE. Hann bar hróður lands og þjóðar víða og naut virðingar, ekki einungis í krafti afreka sinna á skákborðinu, heldur einnig vegna fagaðrar og drengilegrar framkomu. Skákunnendur flyktust á mótstaði þegar Friðrik settist að tafli og í afskekktustu sveitum landsins var beðið fregna af viðureignum Friðriks þegar hann atti kappi við sterkustu skákmenn heims.

Í þessari bók rekur Helgi Ólafsson ævintýralegan skákferil Friðriks, bregður upp nærmynd af samferðamönnum og pólitísku andrúmslofti, frásögnum af stórvíðburðum og einstæðum menningararfi.





## SIX ADVENTURE TALES FROM MEDIEVAL ICELAND

A Reader for First-Time Visitors

Þýðing: Theodore M. Andersson

96 bls.

Verð: 2.900,-

Félagsverð: 2.175,-

Hér eru á ferð sex stuttar sögur frá miðöldum sem allar gerast á Austfjörðum, þýddar af Theodore M. Andersson fv. prófessor í Harvard, Stanford og Indiana og höfundi fjölmargra bóka um fornnorrænar bókmenntir. Sögurnar eru gott dæmi um fornan íslenskan frásagnarstíl sem nýtur sín vel í þessari snjöllu ensku þýðingu.

This book is intended for first-time visitors in Iceland who know that there is an important medieval literature in Icelandic but do not have an easy access to it. There are many novel- or novella-length sagas, for which readers may not have the necessary leisure, but there are also short narratives (Icelandic þættir) that provide a quick and easy introduction to the style of Icelandic saga writing. The six samples presented here are from eastern Iceland, a region generally less well represented in the old literature than other regions but of equal distinction.



## DÝRALÍF

John Maxwell Coetzee

Þýðing: Gunnar Sigvaldason og  
Katrín Jakobsdóttir


224 bls.

Verð: 3.700,-

Félagsverð: 2.775,-

„Ég segi það hreint út: Við lifum í miðju kerfi niðurlægingar, grimmdar og drápa, sem er fyllilega sambærilegt við allt það sem viðgekkst í Þriðja ríkinu, og gerir Þriðja ríkið beinlínis smátt í samanburði, að því leyti að okkar kerfi er óendanlegt, það endurnýjar sig sjálft og fæðir kanínur, rottur, fiðurfénað og búpening stöðugt inn þennan heim í þeim tilgangi að drepa þau.“

Nóbelsverðlaunahöfundurinn John Coetzee beitir hér aðferðum rithöfundarins til að nálgast eina flóknustu og erfiðustu spurningu samtímans: Hvers vegna ættum við að halda áfram að meðhöndla dýr eins og sálarlausar vélar, án tilfinninga, án hugsunar og án réttinda? Gunnar Theodór Eggertsson ritar inngang.



## MINNISBLÖÐ MALTES LAURIDS BRIGGE

Rainer Maria Rilke

Þýðing: Benedikt Hjartarson sem einnig ritar inngang


374 bls

Verð: 3.700,-

Félagsverð: 2.775,-

„Og maður á engan og ekkert að og flækist um heiminn með ferðatösku og bókakassa og nánast án nokkurrar forvitni. Hvers konar líf er þetta eiginlega? Ekkert hús, ekkert erfðagóss, engir hundar. Ef maður ætti í það minnsta endurminningar. En hver á sér slíkar?“

Eina skáldsaga Rilkes hefur að geyma ljóðrænar lýsingar á glímu söguhetjunnar við stórborgina og glundroða nútímans, grimmilegar æskuminningar og brot úr evrópskri menningarsögu. Hér er á ferð tímamótaverk eftir einn af meisturum evrópskrar nútímaljóðlistar frá árinu 1910. Benedikt Hjartarson þýddi og ritaði inngang.



## SKÍRNIR

Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags

Ritstjórar:

Ásta Kristín Benediktsdóttir og Haukur Ingvarsson

Vor 2020 og haust 2020

Í *Skírni* birtast ritgerðir og greinar um bókmenntir, tungumál, náttúru og sögu, heimspeki, þjóðfélagsmál og stjórnmálafræði, vísindi, listir, þjóðlegan fróðleik og ýmislegt fleira, auk þýðinga, skáldskapar, ritdóma og viðhorfsgreina. Viðfangsefnin eru einatt skoðuð í sögulegu og heimspekilegu ljósi og leitast er við að brjóta til mergjar jöfnum höndum málefni samtíðar og liðins tíma með gagnrýnu hugarfari. *Skírnir* er elsta og eitt virtasta menningartímarit á Norðurlöndum.

## Endurútgáfur Bókmenntafélagsins:



## KÚGUN KVENNA

John Stuart Mill

Þýðing: Sigurður Jónasson

Inngang ritar Auður Styrkársdóttir

384 bls.


Verð: 3.700,-

Félagsverð: 2.775,-

„... hygg ég að samkvæmt hinum pólitísku og hagfræðilegu grundvallarreglum vorra tíma mundu næstum allir viðurkenna hversu ranglátt það sé að synja helmingnum af mannkyninu um flestar arðsamar sýslur og um næstum öll æðri embætti í samfélaginu og að lýsa því yfir, [...] að konurnar séu frá fæðingu eigi og verði eigi færar um að gegna embættum þeim sem standa opin hinum heimskustu og lítilsigldustu karlmönnum.“

John Stuart Mill gerði sér vel ljóst að jafnrétti fengist ekki með lagabreytingum einum heldur þyrfti að vinda ofan af aldalöngum bábiljum og kynbundnum yfirráðum sem hefðu komið í veg fyrir að konur nytu sín til jafns við karla. Kúgun kvenna er mikilvægt innlegg í jafnréttisbaráttu enn þann dag í dag — rúmum 150 árum eftir að verkið kom út fyrst.

Í ritinu eru einnig birtir tveir fyrirlestrar, „Um frelsi og menntun kvenna. Sögulegur fyrirlestur“ eftir Pál Briem frá árinu 1885 og „Fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna“ eftir Bríeti Bjarnhéðinsdóttur frá árinu 1888. Inngangur Auður Styrkársdóttur er ítarleg ritgerð um sögu jafnréttisbaráttu hér á landi og erlendis. Þá ritar Þór Jakobsson stutta viðaukagrein um þýðanda verksins, Sigurð Jónasson frá Eyjólfstöðum.



## SAMDRYKKJAN

Platon

Þýðing: Eyjólfur Kjalar Emilsson  
sem einnig ritar inngang.

184 bls.

Verð: 3.700,-

Félagsverð: 2.775,-

„Ég held að mönnum hafi algerlega sést yfir mátt Erosar. Ef þeir þekktu hann, hefðu þeir reist Erosi stærstu hofin og hörgana og fært honum mestar fórnir. En ekkert af þessu er fyrir Eros gert, þótt það sé öllu öðru brýnna. Eros er nefnilega mestur mannvínurinn í hópi goðanna: hann liðsinnir mönnum og læknar þá af þeim meinum sem mest blessun væri fyrir mannkynið að fá bætt.“

Réttlæti, fegurð og hið góða eru umræðuefni drykkjubræðranna sem Platon lýsir snilldarlega í þessu lykilverki heimspekinnar. Þeir leita svara við spurningum um hlutverk ástarinnar í lífinu og víkja að ódauðleika sálarinnar í leiðinni. Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi og ritaði inngang.



Íslensk fornrit er ritröð sem Hið íslenska fornritafélag hefur gefið út frá árinu 1933. Útgáfunar eru afar vandaðar að öllum frágangi og fræðilegum vinnubrögðum. Sérstakt kapp er lagt á að vanda sem best til útgáfu textanna sjálfra, m.a. með viðtækum samanburði handrita. Með texta ritanna fylgja rækilegar skýringar, sem miðast í senn við þarfir almennra lesenda, námsmanna og fræðimanna. Hverju bindi fylgir ítarlegur formáli þar sem gerð er grein fyrir bókmenntalegum einkennum ritanna, varðveislu þeirra, tímatali og öðru sem máli skiptir til skilnings á eðli þeirra og uppruna. Er þetta eina ritröð íslenskra fornrita sem gerð er úr garði með svo miklu skýringarefni. Fjöldi mynda prýðir ritsafnið. Loks eru í hverju bindi vandaðar nafnaskrár, ættartölur og kort, sem mikilvæg eru hverjum sem útgáfuna notar. Vegna alls þessa vitna íslenskir og erlendir fræðimenn oftar til Íslenskra fornrita en nokkurrar annarrar útgáfu þessara verka.

Á næstu árum koma út eftirfarandi rit:

*Sturlunga saga* (3 bindi)

*Guðmundar sögur biskups* (2 bindi; Biskupa sögur IV–V)

Einnig er fyrirhuguð útgáfa á fornaldarsögum, riddarasögum, *Grágás*, þýðingum og fræðum, svo eitthvað sé nefnt. — fornrit.is

# Aðalfundur Hins íslenska bókmenntafélags 2020

verður haldinn í  
Safnahúsinu við Hverfisgötu,  
laugardaginn 12. desember kl. 15:00  
ef sóttvarnarreglur leyfa

## Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf, sbr. 18.–20. gr. félagslaga.

### Erindi:

Að loknum aðalfundarstörfum flytur Halldór Guðmundsson erindi sem nefnir „Frá Hrapseyri inn í Skeifu. Grundvallar breytingar á íslenskum bókamarkaði.“

Félagsmenn eru hvattir til að mæta  
og þiggja kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórn og fulltrúaráð.

Á vefsíðu félagsins [hib.is](http://hib.is) má sjá þær breytingar sem verða kynnu  
á þessum dagsetningum eða tilhögun fundarins.



HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

Hagatorgi, 107 Reykjavík

Sími: 588-9060 • Netfang: [hib@hib.is](mailto:hib@hib.is)

Heimasíða: [hib.is](http://hib.is) • Fréttir frá Bókmenntafélaginu, nóvember 2020